

Náttúrustofa Suðurlands

Fundargerð

Stjórnarfundur í Náttúrustofu Suðurlands (NS) 9. maí 2022 kl. 13.00

Fundurinn var haldinn í Setrinu, Vestmannaeyjum.

Mættir voru: Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, formaður og Halla Svavarsdóttir, Viktor Ragnarsson og Erpur Snær Hansen forstöðumaður NS.

Fundarritari Jóna Sigríður Guðmundsdóttir.

1. Ráðning sumarstarfsmanna.

NS fékk styrk úr nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir tvo nema vegna verkefnisins “Vistfræði og verndun íslenskra nætursjófugla”. Á síðasta fundi var forstöðumanni NS falið að vinna málinu framgang.

Niðurstaða

Forstöðumaður NS gerði grein fyrir að búið væri að auglýsa tvær stöður. Stjórn NS felur forstöðumanni NS að ganga frá ráðningum og samþykkir jafnframt að leggja til mótframlag 150.000 kr. á hvern nema í þrjá mánuði.

2. Mál Ósk frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur óskað eftir að NS taki að sér vöktun á vistkerfum og völdum náttúruverndarstöðum á Suðurlandi til næstu ára gegn árlegu framlagi.

Niðurstaða

Stjórn NS samþykkir verkefnið og felur forstöðumanni NS að ganga eftir samningi sem felur í sér árlegt framlag, aksturs- og dagpeningagreiðslur ásamt því að fylgja málinu eftir.

3. Mál Beiðni forstöðumanns NS frá síðasta fundi.

Forstöðumaður NS óskaði eftir að fá að kaupa fartölvu, vatnshelda tösku auk 3 ára ábyrgðartryggingu ásamt tveimur skriftstofustólum.

Niðurstaða

Stjórn NS samþykkir kaup samtals að fjárhæð 380.000 kr.

4. Mál Beiðni forstöðumanns NS um kaup á ýmsum búnaði og tækjum.

Forstöðumaður NS óskar eftir að fá að kaupa:
Gardepro A3S wildlife vöktunarmyndavélar og minniskort
Útivistarbúnað

Sólarsellukerfi fyrir Elliðaey
Li-polymer rafhlöður fyrir holumyndavélar
RAID gagnabankar fyrir rafræn gögn stofunnar 4x4Tb

Niðurstaða

Stjórn NS samþykkir kaup á búnaði og tækjum að fjárhæð 700.000 kr.-

Fundi slitið kl. 13.45